

Barnakórar Akureyrarkirkju

Í barnakórum og Stúlknakór Akureyrarkirkju eru um 70 börn, flest stúlkur, á aldrinum 7-17 ára. Þau eru nemendur í Brekkuskóla, Lundarskóla, Naustaskóla, Oddeyrarskóla, Síðuskóla, Glerárskóla, Valsárskóla, Grenivíkurskóla, Menntaskólanum á Akureyri og Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Í kórunum er sungin fjölbreytt tónlist við skemmtilegan skáldskap, bæði einradda og fjölradda, ásamt hreyfingum og leikjum. Áhersla er lögð á raddbeitingu, raddheilbrigði, líkamsbeitingu, hlustun og framkomu og óhætt að segja að mikil tónlistarkennsla felist í kórarstarfinu auk þess sem áhersla er lögð á að góður andi sé í hópnum og að öllum líði vel.

Kórarstarfið er mjög kröftugt og á síðasta starfsári (2011-2012) komu kórarinn víða fram. Þeir sungu við helgihald í Akureyrarkirkju, sungu á aðventuhátíð í Laufási, á tónleikum á Húsavík og tóku þátt í menningarhátíðinni Börn fyrir börn í Hofi. Einnig sungu þau á



Ráðhústorginu á Akureyri þegar kveikt var á jólatrénu og í beinni útsendingu á Rás 1 á adventunni ásamt því að syngja á Ljósberátónleikum til styrktar bágstöddum, svo eitthvað sé nefnt.

Þátttaka í kórarstarfinu er ókeypis og í kórunum eru mörg börn sem ekki hafa kost á að stunda annað tónlistarnám sökum fjárhags. Eins og sjá má á upptalningunni hér að ofan hefur kórin verið iðinn við að gleðja norðlenska íbúa á öllum aldri. Þrátt fyrir að kórin starfi við Akureyrarkirkju hefur stærstur hluti starfs hans farið fram utan kirkjunnar og utan safnaðarstarfs.

Stjórnandi kóranna er Sigrún Magna Þórsteinsdóttir en hún er með meistarapróf í kirkjutónlist frá Konunglega danska tónlistarháskólanum í Kaupmannahöfn. Í námi sínu lagði hún sérstaka áherslu á barnakórstjórn, tónlistaruppeldi barna og kenningar um tónlistarþroska barna. Sigrún hefur stjórnað barnakórum og blönduðum kórum í Reykjavík, í Kaupmannahöfn og á Akureyri. Hún starfar sem barnakórstjóri og organisti við Akureyrarkirkju og við Möðruvallaklausturskirkju og kennir við Tónlistarskólann á Akureyri. Hún hefur einnig haldið tónlistarnámskeið fyrir foreldra ungubarna.